

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/279  
komudagur 25.11.2009

Alþingi - Nefndarsvið  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

(Reykjavík 21. ágúst 2009) 24.11.'09

Varðar umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar ~~–mál 149–~~  
- persónukjör til sveitarstjórna

103. mál

Á stjórnarfundum Samfylkingarinnar var sveitarstjórnarráði flokksins falið að leggja fram umsögn um ofangreint frumvarp.


Nú er það svo að Samfylkingin er annar af tveimur aðilum í stjórnarmeirihlutanum. Þar sem frumvarpið er stjórnarfrumvarp og hefur þar með fengið umfjöllun hjá ríkisstjórn og þingflokki Samfylkingarinnar þá má með nokkru segja að flokkurinn hafi veitt umræddu frumvarpi brautargengi eins og það er lagt upp.

Það ber þó hinsvegar að taka sérstaklega fram að landsfundur Samfylkingarinnar sl. vor studdi eindregið með sérstakri ályktun þann vilja sem kemur fram í umræddu frumvarpi. Flokkurinn hefur ekki hafið beinar kynningar á frumvarpinu, en hinsvegar hafa komið fram ábendingar um það hvort lögin muni gæta að því mikilvæga baráttumáli að jafna hlut kynjanna í sveitarstjórnunum, eins og hægt er með jafnræði að leiðarljósi. Ber því að horfa til starfs nefndar sem er að störfum innan stjórnarráðsins sem fjallar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnunum. Nefndin skilar af sér á næstu vikum.

Samfylkingin hefur allt frá stofnun árið 2000, lagt mikla áherslu á lýðræðismál og þróun þeirra aðferða sem tengjast aukinni þátttöku íbúa við m.a. val á framboðslista og/eða við val á kjörnum fulltrúum. Einnig þátttöku íbúa á annan hátt í þýðingarmiklum ákvörðunum. Flokkurinn hefur stutt þjóðaratkvæðagreiðslur og beinar íbúakosningar.

Samfylkingin vill leggja áherslu á að farið sé vel yfir sjónarmið þeirra sem gera athugasemdir við þetta frumvarp, en um leið hvetja Alþingi í störfum sínum til að veita þessu frumvarpi brautargengi til þess að styrkja ennfrekar þátttöku og valmöguleika kjósenda á kjördegi.

f.h. Samfylkingarinnar



Gunnar Svavarsson,  
form. Sveitarstjórnarráðs